

**1972 nr. 40 24. maí****Lög um sameiningu Borgarfjarðar-  
hrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í  
Norður-Múlasýslu í einn hrepp**

Tóku gildi 1. janúar 1973. Breytt með: L. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992). L. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996).

**■ 1. gr.**

□ Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

**■ 2. gr.**

□ Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðjarða bera  $\frac{1}{4}$ , sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega  $\frac{1}{2}$  og ríkið  $\frac{1}{4}$ . Kostnaður eyðjarðaeigenda skiptist á milli þeirra

í réttu hlutfalli við landverð eyðjarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

□ ...<sup>1)</sup>

□ Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

<sup>1)</sup> L. 73/1996, 33. gr.

**■ 3. gr.**

□ Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

**■ 4. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.